

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Fjallalax ehf (áður Fjallableikja) Hallkelshólum Grímsnesi

Dags eftirlits	3.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fjallalax ehf (áður Fjallableikja)	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Strandgötu 1	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Matthew Chernin	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Johnny Indergaard	Staðsetning	64.078823 -20.820848

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram. Engin hreinsun er á frárennslivatni stöðvarinnar. Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnunar tilkynningu í samræmi við gr. 1.5 og 1.9 þegar hreinsivirki í frárennslu hafa verið tekin í notkun.

Eitt eldra frávik er enn opið. Niðurstöður mælingar á efnun í frárennslivatni hafa ekki borist. Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnun afrit af niðurstöðum mælinga strax og þær liggja fyrir.

## UMFANG EFTIRLITS

Til samræmis við ákvæði í 5. mgr. 57. greinar í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í fyrirvaralaust eftirlit í fiskeldi Fjallalax að Hallkelshólum í Grímsnesi.

Í 5. mgr. 57. greinar reglugerðarinnar segir: „Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis“.

Ítrekaðar ábendingar og kvartanir hafa borist vegna frárennslismála frá stöðinni en hreinsivirki sem krafist er hafa enn ekki verið tekin í notkun. Úrgangur og fódurleifar berast því óheft í Höskuldslæk sem rennur um landið og endar í Hvítá sunnan Vaðness.

Fram kemur í starfsleyfi stöðvarinnar sem gefið var út 20. janúar 2022, grein 3.5 að rekstraraðili skuli tryggja viðunandi hreinsun frárennslivatns með tromlusíu og settjörn eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði.

Unnið hefur verið að betrubótum á hreinsibúnaði í frárennslu stöðvarinnar frá því í fyrrasumar en verkið hefur dregist úr hófi.

Farið var á staðinn og rætt við Matthew Chernin stöðvarstjóra. Áður hafði komið fram í tölvupóstum frá rekstraraðila að settjörnin hafi verið tæmd svo hægt væri að koma fyrir tromlusíum í frárennslu stöðvarinnar. Veður í vetur hefur hamlað framkvæmdum og þann 23. mars sl. var enn verið að bíða eftir rafvirkum til þess að tengja tromlusíur.

Farið var í skoðun á Höskuldslæk og sást uppsöfnun mengunarefna við útrás í viðtaka. Gengið var ca. 1 km. niður með Höskuldslæk og allstaðar voru uppsafnaðar fódurleifar og seyra á botni lækjarins ásamt þekjur af rotverum.

Í samtali við stöðvarstjóra kom fram að sýnataka hefur farið fram í frárennslinu og nú stendur til að ljúka uppsetningu á hreinsivirkjum á næstu 10 dögum.

Farið er fram á að afriti af niðurstöðum mælinga verði, strax og þær liggja fyrir, komið til Umhverfisstofnunar og að send verði tilkynning þegar hreinsivirki hafa verið tekin í notkun.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

ákvæði í grein 3.5 í starfsleyfi

Engin hreinsun er á frárennslivatni stöðvarinnar.

## ÁBENDINGAR


Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnun afrit af niðurstöðum mælinga strax og þær liggja fyrir.

Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnunar tilkynningu í samræmi við gr. 1.5 og 1.9 þegar hreinsivirki í frárennsli hafa verið tekin í notkun.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.04.2023



Gottskálk Friðgeirsson